

**Ed.**

**647. Nefndarálit**

**[20. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þegar frv. þetta var fram borið í Nd., hafði það aðeins að geyma sjálfsgöð ákvæði um breyt. á kosningalögum til samræmis við þá breytingu, sem gerð hefur verið á stjórnarskrá lýðveldisins, að kosningarréttur skuli miðaður við 20 ára aldur. Um þessa breytingu hafa allir hv. alþm. verið sammála og eru enn. Undir meðferð málsins í Nd. var að tillögu hv. dómsmálaráðherra bætt inn í frv. nýrri grein (4. gr.), sem hinu upphaflega máli er algerlega óviðkomandi og hefur orðið þess valdandi, að mjög eru skiptar skoðanir um frv. eins og það nú er eftir breytingu meiri hl. Nd.

Undirritaður er algerlega andvígur þeirri breytingu, sem felst í 4. gr. frv. og er þess efnis, að afnuminn er sá skilyrðislaus réttur, sem kjósendur hafa nú lögum samkv. til þess að bjóða fram fleiri en einn lista fyrir sama flokk í sama kjördæmi. Slikur réttur hefur verið lögfestur um áratugi, og hefur Alþingi staðfest þennan rétt hvað eftir annað, þegar stjórnarskrár- eða kosningalagaákvæði hafa legið þar fyrir, svo sem 1933, 1942 og 1959.

Það er skoðun undirritaðs, að gildandi ákvæði um framboð fleiri en eins lista fyrir sama flokk hafi reynzt flokkunum þarft aðhald og að engin fullnægjandi rök verði færð fyrir því, að slíks aðhalds sé ekki lengur þörf. Þá telur hann einnig rangt að breyta kosningalögum að öðru leyti en óhjákvæmilegt er vegna stjórnarskrárbreytingarinnar, sem lögfest hefur verið, nema lögín í heild séu endurskoðuð.

Af framansögðu leiðir, að undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

4. gr. frv. falli brott.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Karl Guðjónsson.